

- 3.5. Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliða-tengingu með sperru fyrir 1050 Hz.
- 3.6. Breytist innkaupsverð á raforku frá og með 1. janúar 1979 er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 48% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá áðurgreindum tíma, hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvisitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að  $\frac{4}{5}$  af þeirri breytingu.
- 3.7. Söluskattur 20% og verðjöfnunargjald 19% til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 39%, eru innifalin í rafmagnsgjöldum sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema á töxtunum D 1, D 3, C 5 og D 7.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 2. maí 1979, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 196/1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 88, 12. febrúar 1979.

*Iðnaðarráðuneytið, 11. maí 1979.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Súðavíkur,  
nr. 406 29. ágúst 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

### Lestagjöld:

- Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 21.00 á brúttórúmllest.
- Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 10.50 á brúttórúmllest.
- Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 21.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftari en tvisvar í mánuði.
- Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 400.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 7 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

### Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftari en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 135.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

### 3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 383.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 810.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 2 241.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 219.00 fyrir hvern rúmmetra.

Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 185.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli

*Samgönguráðuneytið, 4. maí 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Birgir Guðjónsson.*

## G J A L D S K R Á

### Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis.

#### I. RAFORKA.

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### 1. Lýsing.

- 1.1. Til almennrar lýsingar um KWst.-mæli:  
Mælisleiga samkvæmt kafla II.  
Orkugjald ..... kr. 111.80 á KWst.
- 1.2. Til almennrar lýsingar um KWst.-mæli:  
Mælisleiga samkvæmt kafla II.  
Orkugjald ..... kr. 33.50 á KWst.  
Fastagjald af gólfleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja:  
Verðanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. .... kr. 567.00 á m<sup>2</sup> á ári  
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi ..... kr. 212.00 á m<sup>2</sup> á ári
- 1.3. Til götulýsingar um KWst.-mæli:  
Mælisleiga samkvæmt kafla II.  
Orkugjald ..... kr. 33.50 á KWst.
- 1.4. Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um KWst.-mæli:  
Mælisleiga samkvæmt kafla II.  
Orkugjald ..... kr. 55.90 á KWst.